

Ársfundur ÞSV 12. maí 2023

Skýrsla stjórnar, Arnar Sigurmundsson, form.

Árið 2022 skilaði betri afkomu í rekstri ÞSV en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir. Áhrifa Covid 19 heimsfaraldurs gætti einkum á fyrri hluta ársins og hafði áhrif á notkun rannsóknabáta ÞSV yfir sumartímann. Á árinu komu skipulags-breytingar í kjörfar breytinga á starfsmannahaldi og verkaskiptingu að fullu til framkvæmda. Þegar fyrirtæki og stofnanir ganga í gegnum breytingar, verkefnum lýkur eða þau hætta og önnur koma í staðinn er mjög mikilvægt að aðlaga starfsemina að breyttu umhverfi.

Hörður Baldvinsson framkvæmdastjóri ÞSV mun hér á eftir fara yfir helstu verkefni á starfsárinu, hefðbundna starfsemi sem tengist framleiðu og þjónustu við leigutaka að Ægisgötu 2, útgerð og notkun þriggja rannsóknabáta ÞSV, og þá sérstaklega stofnun og fyrstu skrefin í starfsemi Rauðáttu ehf. getur orðið ef vel tekst til öflugt nýsköpunarfyrirtæki í sjávarútvegi.

Eftir miklar breytingar á starfsmannahaldi ÞSV á árinu 2021 samhliða nýjum og breyttum viðfangsefnum má segja að árið 2022 hafi að hluta markast af þessum breytingum samhliða lokauppgjörum á verkefnum og framkvæmdum sem höfðu verið í gangi frá ársbyrjun 2021.

Ein breyting varð í starfsmannahaldi ÞSV á síðasta ári. Evgenia K. Mikaeladóttir sem hafði starfað sem nýsköpunar- og verkfnastjóri frá 1. ágúst 2021 lét af störfum haustið 2022. Helstu verkefni hennar hjá ÞSV voru við mótun nýrrar atvinnustefnu fyrir Vestmannaeyjar sem var kynnt og komst á lokastig í upphafi árs 2022. Þá vann hún fyrir SASS skv. sérstökum samningi SASS við ÞSV og varðar atvinnu- og markaðsmál. Evgeniu er óskað alls hins besta á nýjum starfsvettvangi en hún starfar nú sem sérfræðingur hjá RANNÍS.

Samhliða þessum breytingum tók Hörður framkvæmdastjóri ÞSV yfir töluverðan hluta af þessum verkefnum sem snéru af SASS meðan ekki hafi verið ráðið í starf verkefnisstjóra. Þessi tími reyndist verða mun lengri en við gerðum ráð fyrir. Meðan á ráðningarferli stóð kom upp sú stað að Matís ohf. sýndi því áhuga að ráða sérfræðing í 50% starfshlutfall á móti starfi verkefnastjóra ÞSV. Auglýst var sameiniglega eftir starfsmanni og var Erlendur Ágúst Stefánsson, sjávarútvegsfræðingur ráðinn sameinilega til starfa frá 1. febrúar 2023. Verkefni Erlendar fyrir ÞSV felast m.a að verkefnum í atvinnu og markaðsmálum skv. samningi ÞSV við SASS auk annara verkana fyrir ÞSV. Hörður Baldvinsson frkvstj. sinnir áfram ákveðnum verkefnum fyrir SASS, enda nauðsynlegt þar sem starfshlutfall verkefnisstjóra er nú 50% hjá ÞSV.

Samskiptin við SASS hafa gengið vel, en fær framlög til að standa undir útgjöldum við verkefnið hafa ekki fylgt verðlagi um nokkurn tíma og í ár fjölgaði þeim aðilum sem annast þessa verkefnavinnu fyrir SASS á Suðurlandi og því heldur minna til skiptanna. Nú byggir þetta verkefnabundna framlag sem kemur af fjárlögum í gegnum Byggðastofnun á grunnframlagi sem er 2/3 af fyrra framlagi og viðbótarframlagi eftir verkefnum. Þegar við fórum í breytingar á starfi verkefnastjóra með samningum við Matís ohf. var okkur ekki kunnugt um samdrátt á framlagi SASS vegna 2023. Ekki verður séð hvernig verkefnabundna framlagið endar á árinu 2023, en í besta falli að meðtöldum viðbótarverkefnum getur greiðslan til ÞSV náð sömu krónutölu og undanfarin ár.

Þegar við höldum ársfund 4. maí 2022 var búið að taka í notkun 400 fermetra rými á 3ju hæðar. Annarsvegar 150 ferm. húsnæði Fab-Lab Vm sem var tekið í notkun í lok september 2021. Við hlið þess er 50 ferm. rými sem Fab-Lab nýtir að hluta sem er ætlað síðar fyrir starfsemi sprota- og

frumkvöðla. Í febrúar 2022 var tekið í notkun 200 fermetra sérrými og sameiginlegt rými á 3ju hæð. ÞSV og Vestmannaeyjabær gerðu 3ja ára húsaleigusamning um leigu á því rými. Vestmannaeyjabær leggur Fab-Lab Vm. til húsnæði og greiðir jafnframt hluta rekstrarkostnaðar. Er það mjög góður stuðningur. Eftir að hluti 3ju hæðir var tekin í notkun fjölgaði leigutökum á 2. og 3. hæð og eru þeir nú 15 talsins.

ÞSV yfirtók starfsemi Fab-Lab Vm. frá 1. apríl 2021 með samningi til 3ja ára og hluti af þeim samningum við Nýsköpunar – og menntamálaráðuneyti er umsjón með Fab-Lab- Ísland sem Frosti Gíslason verkefnastjóri hefur annast með góðum árangri undanfarin ár.

Framundan eru viðræður við Háskóla- og nýsköpunarráðuneytið um endurnýjun á gildandi samningum um fjárveitingu til ÞSV og reksturs Fab-Lab Vm.-Ísland. Höfum verið í samskiptum við fulltrúa ráðuneytisins síðast í gær vegna þess að tíminn líður hratt og vinna við fjárlög ríkisins 2024 eru í fullum gangi. Stefnt er að því að hægt verði að ljúka viðræðum við rekstaraðila Fab-Lab, sem eru ýmist framhaldskólar eða þekkingarsetur.

Hagmunir Eyjamanna eru ríkari en annara þar sem verkefnið Fab-Lab – Ísland og stjórnun þess er hefur frá upphafi verið í Eyjum. Miðað er við að ljúka samningum fyrir lok júní 2023 og stefnir ráðuneytið að því að gerður verði einn samningur vegna starfsemi ÞSV og Fab-Lab Vm.-Ísland.

Rekstur Fab-Lab. Vm. hjá ÞSV frá 1. apríl 2021 hefur gengið fyllilega eftir 3ja ára áætlun, þrátt fyrir að samningurinn hafi verið óverðbættur til ársloka 2023. Óskert 12 mánaða framlag 2021 í níu mánaða rekstri létti mikið undir auk skilyrtra framlaga vegna flutninga og tækjakaupa. Við skulum sannarlega vona að stjórnun Fab-Lab Ísland verði áfram meðan verkefna Fab-Lab. Vm. og Frosta Gíslasonar verkefnisstjóra, en fleiri stöðvar sækjast eftir hlutdeild í verkefninu.

Þekkingarsetur Vestmannaeyja og Vestmannaeyjabær hafa líkt og fyrri ár verið í gagnkvæmum viðskiptum og víðtæku samstarfi.

Þá er ÞSV leigutaki hjá Vestmannaeyjabæ á 2. hæð Ægisgötu 2, samtals 1040 ferm, og 200 ferm. á 3ju hæð. ÞSV nýtir 15-20% alls húsnæðis en um 80-85% húsrýmis er framleigt til 15 fyrirtækja og stofnana og veita þeim jafnframt sameiginlega og sértæka þjónustu sem tengist að langmestu rekstri húsnæðisins.

Í nóvember 2022 var lokið uppgjöri milli ÞSV og Vestmannaeyjabæjar vegna framkvæmda á 3ju hæð og var greiðslum lokið fyrir árslok.

Þá var lokið í desember 2022 uppgjöri milli ÞSV og SASS við verkefnið Úthafsfiskeldi við Vestmannaeyjar og Suðurland en það fékk 10 millj. kr. styrk frá Uppbyggingasjóði SASS 2020. Haldinn var kynningarfundur á niðurstöðum þess í september 2022 að viðstöddum fulltrúum frá Íslandsstofu, SASS, atvinnu-fyrirtækjum, Vestmannaeyjabæ og ÞSV. Hrafn Sævaldsson vann við verkefnið lengst af sem verktaki fyrir ÞSV og með honum vann 2ja manna verkefnastjórn.

Stærsti hluti verksins var fólgin í ýmisskonar gagnaöflun frá ýmsum opinberum aðilum er varða veðurfar og strauma við Suðurströndina og Vestmannaeyjar. Þá hefur verið aflað upplýsinga um þróun tækni og búnaðar við úthafseldi víða um heiminn.

Þetta framtíðarverkefni í fiskeldi útheimtir gríðarlegar fjárfestingar og er mjög viðamikilið að umfangi. Niðurstöður byggðar á margvíslegum gögnum sýndu að úthafseldi er framkvæmanlegt og álitlegir staðir fundust fyrir staðsetningu sjókvía nálægt Eyjum og við suðurströndina. Ýmis rannsóknir og fylgigögn sem tilheyrðu verkefninu eru vistuð hjá ÞSV. Það kæmi ekki á óvart að

innan fárra ára væri úthafseldi við suðurströnd Íslands talinn kostur til frekari framþróunar í sjávarútvegi og fiskeldi.

Gerð verður nánari grein fyrir rekstri og afkomu ÞSV 2022 síðar á fundinum. Sem fyrr sagði gekk rekstur ÞSV 2022 betur en áætlanir gerðu ráð fyrir. Fyrir því eru nokkrar ástæður og vega þar þyngst ný verkefni og samþjöppun í eldri verkefnum og breytingar starfsmannahaldi 2021 og 2022.

Þá skiptir nýting á rannsóknabátum í tengslum við rannsóknaverkefni ÞSV töluverðu máli og lokið var uppgjörum vegna framkvæmda á 3ju hæð og SASS vegna úthafseldis í árslok 2022.

Rekstur ÞSV á árinu 2023 verður í járnum og fyrir því eru nokkrar ástæður. Uppjörum vegna eldri verkefna er lokið og einnig ber að hafa í huga að gert var ráð töluverðum halla á Fab-Lab Vm. árinu 2023, en þar eru til staðar fjármunir sem ætlað var í upphafi samnings 2021 til þess að grípa til á þessu ári.

Þekkingarsetur Vestmannaeyja sem stofnun var í janúar 2008 varð 15 ára á þessu ári. Í ársbyrjun voru fimm ár frá því starfsemi ÞSV og samstarfsaðila var flutt að Ægisgötu 2. Rekja má stofnun ÞSV til októbers 1994 þegar farið var af stað með fjölþætta starfsemi einkunn rannsóknastofnana á efri hæðum Hvíta hússins að loknum endurbótum á húsinu. Háskóli Íslands og Vestmannaeyjabær stóðu fyrir þeim framkvæmdum. Nokkrum árum síðar var stofnað Rannsókn- og fræðasetur Vm. sem var undanfari ÞSV. Viska var stofnuð 2003 og bættist í hóp stofnana í Hvítahúsinu. Undirritaður átti hugmyndina að nafninu Þekkingarsetur Vestmannaeyja skammstafað ÞSV sem náði nafnið fljótlega að festast. ÞSV er sjálfseignarstofnun í atvinnurekstri og voru stofnaðilar 37 í upphafi en síðan hafa orðið nokkrar sameiningar í þeirra hópi.

Þekkingarsetur Vestmannaeyja hefur með góðri afkomu sl. tvö ár styrkt eiginfjárstöðu sína og er betur undir það búíð að takast á við ný og krefjandi verkefni í næstu framtíð.

Að loknum þessum ársfundi mun ný stjórn ÞSV skipta með sér verkum. Á þeim stjórnarfundum ég ekki gefa kost á mér til áframhaldandi formennsku og tilkynnti ég það á síðasta fundi stjórnar. Ákvörðun þar um var tekin fyrir réttu ári.

Stofnun og starfsemi ÞSV 2008 var mikið framfaraskref og rammaði betur inn rannsóknir, nýsköpun-, fræðslu-, menntun og frumkvöðlastarf undir sama þaki.

Að endingu þakka ég stjórnarmönnum og starfsfólki ÞSV fyrir gott samstarf á liðnu starfsári. Engin ár eru keimlík í rekstri fyrirtækja sem fást við fjölbreytta starfsemi. Það hefur verið í senn krefjandi og spennandi að leiða stjórn ÞSV undanfarin ár á tímum mikilla breytinga á öllum sviðum.

Arnar Sigurmundsson

form. stjórnar ÞSV.